



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 23. Mars 2026, fundur hófst kl 19:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mætt eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valpórsdóttir, Lárus Sindri Lárusson, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Berglind Guðmundsdóttir

Fjarverandi:

1. Aðalfundur undirbúningur..

Síðasti stjórnarfundurinn fyrir aðalfund og síðasti fundur þessarar stjórnar en tilefni fundarins var að stilla saman strengi fyrir aðalfundinn og tryggja að allt væri klárt. Var það jafnframt eina málið á dagskrá fundarins. Guðmundur Hagalínsson mætti á fundinn til að aðstoða við undirbúninginn.

Farið var yfir dagskránnar eins og hún er skv. lögum félagsins. Undir skýrslu stjórnar munu Sprettskórinn, Ræktunarnefndin og Kvinnatöltsnefndin kynna sitt starf, ca. 5 mín á nefnd.

Í kvöld verður send út tilkynning með nokkrum praktískum atriðum fyrir aðalfundinn og þar þarf ma. að koma fram að þeir félagsmenn sem hafa greitt félagsgjöldin eftir kl. 19 í kvöld skuli hafa með sér greiðslukvittun. Einnig þarf að minna á að það verða 4 sæti laus í stjórn.

Miðað við nýjustu talningu eru tæplega 600 manns kljörgengir. Það þurfa 5% félagsmanna að mæta til að fundurinn teljist löglegur.

Farið yfir reikninga félagsins og „Leiðarvísir gjaldkera“ sem núverandi gjaldkeri hefur tekið saman. Virkilega gagnlegt skjal sem mun nýtast næstu gjaldkerum félagsins mjög vel.

Fundi slitið kl. 20:55

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson